

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 303/2019****2020/EES/14/31****frá 13. desember 2019****um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn (Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/790 frá 13. janúar 2016 um breytingu á V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB að því er varðar vitnisburð um formlega menntun og hæfi og heiti náms <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2113 frá 11. september 2017 um breytingu á V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB að því er varðar vitnisburð um formlega menntun og hæfi og heiti náms <sup>(2)</sup>.
- 3) EFTA-ríkin hafa tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um breytingar á lögum, reglum og stjórnsýslu-fyrirmælum að því er varðar útgáfu vitnisburðar um formlega menntun og hæfi á þeim sviðum sem falla undir III. kafla tilskipunar 2005/36/EB (læknar, sérfræðilæknar, hjúkrunarfræðingar í almennri hjúkrun, tannlæknar, lyfjafræðingar og arkitektar). Eftirlitsstofnun EFTA hefur, í samræmi við 7. mgr. 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB <sup>(3)</sup>, sem hefur verið tekin upp í VII. viðauka við EES-samninginn, gefið út orðsendingar hinn 19. júní 2014 <sup>(4)</sup>, 13. maí 2015 <sup>(5)</sup>, 11. maí 2017 <sup>(6)</sup> og 14. mars 2019 <sup>(7)</sup>, sem sýna þessar breytingar. Ber að endurspeglja þessar breytingar, í þágu skýrleika og réttarvissu, í viðkomandi aðlögunartextum við tilskipun 2005/36/EB sem eru í VII. viðauka við EES-samninginn.
- 4) Listi yfir heiti náms í sérgreinum læknisfræðinnar í lið 5.1.3. í V. viðauka við tilskipun 2005/36/EB vísar til undirstöðunáms í kjálkaskurðlækningum og sérstakrar menntunar í blóðrannsóknnum, munnfræði og húðlækningum. Því þarf að breyta listanum svo hann endurspeglar heiti viðeigandi námsbrauta í EFTA-ríkjunum.
- 5) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*I. gr.*

1. liður (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við:

- „– **32016 D 0790**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/790 frá 13. janúar 2016 (Stjttíð. ESB L 134, 24.5.2016, bls. 135),
- **32017 D 2113**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2113 frá 11. september 2017 (Stjttíð. ESB L 317, 1.12.2017, bls. 119).“

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 134, 24.5.2016, bls. 135.<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 317, 1.12.2017, bls. 119.<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB C 187, 19.6.2014, bls. 3, og EES-viðbæti nr. 37, 19.6.2014, bls. 1.<sup>(5)</sup> Stjttíð. ESB C 158, 13.5.2015, bls. 6, og EES-viðbæti nr. 27, 13.5.2015, bls. 1.<sup>(6)</sup> Stjttíð. ESB C 146, 11.5.2017, bls. 8, og EES-viðbæti nr. 28, 11.5.2017, bls. 1.<sup>(7)</sup> Stjttíð. ESB C 97, 14.3.2019, bls. 3, og EES-viðbæti nr. 21, 14.3.2019, bls. 1.

2. Eftirfarandi kemur í stað raðarinnar sem byrjar á orðinu „Norge“ í töflunni undir i-lið a-liðar liðar E.:

„Norge	Vitnemál for fullfört grad <i>candidate/candidatus medicinae</i> , short form <i>cand.med.</i>	Universitet	Á ekki við	1. janúar 1994“
--------	--	-------------	------------	-----------------

3. Eftirfarandi kemur í stað raðarinnar sem byrjar á orðinu „Norge“ í töflunni undir ii-lið a-liðar liðar E.:

„Norge	Spesialistgodkjenning	Hesedirektoratet	1. janúar 1994“
--------	-----------------------	------------------	-----------------

4. Í iii-lið a-liðar liðar E.:

- a) Eftirfarandi kemur í stað í stað raðarinnar sem byrjar á orðinu „Norge“ í töflunni „Lífefnafræði“:

„Norge	Medisinsk biokjemi“
--------	---------------------

- b) Eftirfarandi töflum er bætt við:

„Land	Kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám) Lágmarkslengd náms: 5 ár	Blóðrannsóknir Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland		
Liechtenstein		
Norge	Maxillofacial kirurgi	
Land	Munnfræði Lágmarkslengd náms: 3 ár	Húðlækningar Lágmarkslengd náms: 4 ár
	Heiti	Heiti
Ísland		Húðlækningar
Liechtenstein		
Norge		“

- c) Eftirfarandi kemur í stað raðarinnar sem byrjar á orðinu „Norge“ í töflunni „Tann-, munn- og kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði og tannlækningum)“:

„Norge	“
--------	---

5. Eftirfarandi kemur í stað raðarinnar sem byrjar á orðinu „Norge“ í töflunni undir i-lið b-liðar liðar E.:

„Norge	Vitnemál for fullfört grad bachelor i sykepleie	Universitet og Høgskole	Sykepleier	1. janúar 1994“
--------	---	-------------------------	------------	-----------------

6. Eftirfarandi kemur í stað raðarinnar sem byrjar á orðinu „Norge“ í töflunni undir i-lið c-liðar liðar E.:

„Norge	Vitnemál for fullfört grad master i odontologi	Universitet		Tannlege	1. janúar 1994“
--------	--	-------------	--	----------	-----------------

7. Eftirfarandi kemur í stað raðarinnar sem byrjar á orðinu „Norge“ í töflunni undir i-lið f-liðar liðar E.:

„Norge	Vitnemál for fullfört grad master i farmasi	Universitet			1. janúar 1994“
--------	---	-------------	--	--	-----------------

8. Eftirfarandi kemur í stað raðarinnar sem byrjar á orðinu „Liechtenstein“ í töflunni undir i-lið g-liðar liðar E.:

„Liechtenstein	— Dipl.-Arch. FH Für Architekturstudien-kurse, die im akademischen Jahr 1999/2000 aufgenommen wurden, einschliesslich für Studenten, die das Studienprogramm Model B bis zum akademischen Jahr 2000/2001 belegten, vorausgesetzt dass sie sich im akademischen Jahr 2001/2002 einer zusätzlichen und kompensatorischen Ausbildung unterzogen.	Universität Liechtenstein		1999/2000
	— Master of Science in Architecture (MScArch)	Universität Liechtenstein		2002/2003“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra ákvarðana (ESB) 2016/790 og (ESB) 2017/2113, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.